

**Ed.**

**316. Nefndarálit**

**[82. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Nefndin hefur athugað frumvarpið gaumgæfilega, rætt það á mörgum fundum og kvatt ýmsa sérfróða menn á sinn fund til að afla upplýsinga um málið. Nefndarmenn voru sammála um, að margvíslegar breytingar þyrfti að gera á frumvarpinu, og þá greindi ekki heldur á um, í hvaða átt þessar breytingar ættu að stefna, en hins vegar kom upp allmikill skoðanaágreiningur innan nefndarinnar um það, hversu róttækar breytingarnar þyrftu að vera. Náðist enginn samstæður meiri hluti innan nefndarinnar um heildarafstöðu til frumvarpsins.

Undirritaður minni hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með tilteknum breytingum, sem við undirritaðir nefndarmenn flytjum á sérstöku þingskjali. Teljum við, að með þessum breytingum sé komið til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga án þess að ganga um of á hlut gjaldenda. Verða þessum breytingum gerð nánari skil í framsögu.

Alþingi, 22. febr. 1968.

Jón Þorsteinsson,  
form., frsm.

Auður Auðuns,  
fundaskr.

Steinþór Gestsson.